

Aðalfundur FETAR

Dagsetning: 18.03.2021

Fundarstaður: Skrifstofu Iceland Luxury Tours í Borgartúni 23.

Fundartími: 20:00

Mættir eru:

- Baldvin Jónsson
- Eiður Smári Valsson
- Hinrik Bjarnason
- Jón Páll Baldvinsson
- Kristján G. Kristjánsson
- Páll Halldór Halldórsson
- Sveinn Sigurður Kjartansson
- Þorvarður Ingi Þorbjörnsson

Dagskrá aðalfundar

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara.
2. Skýrsla stjórnar lögð fram. Formaður fer yfir störf stjórnar.
3. Reikningar lagðir fram til samþykktar. Gjaldkeri félagsins leggur fram reikninga fyrir síðasta ár.
4. Lagabreytingar.
5. Kosning stjórnar.
6. Ákvörðun félagsgjalds.
7. Önnur mál.

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara

Formaður setur fundinn og tilnefni ritara og fundarstjóra. Fundarstjóri er Jón Páll Baldvinsson og fundarritari er Sveinn Sigurður Kjartansson.

2. Skýrsla stjórnar

Kolefnisjöfnun FETAR: Þann skógrækt í samvinnu við Skógrækt Kópavogs við Fossá í Hvalfirði. Tilgangurinn er kolefnisjöfnun FETAR. Skógræktin við Fossá er frábær sælureitur þar sem hægt er að fara í lautarferðir og nú í framhaldinu auka við súrefnisframléiðlu og kolefnisbindingu með því að bæta við gróður landsins. Ekki er loku fyrir það skotið að þar verði til FETAR lundur þar sem við mættum setja upp bekkir og borð til að auðvelda heimsóknir seinni tíma.

Liðið ár frá síðasta aðalfundi hefur verið sérstakt. Starfsemi fyrirtækja hefur verið lítil sem engin frá marslokum fyrir ári. Stjórn FETAR hélt áfram vinnu við hagsmunagæslu og kynningu á mikilvægi fyrirtækja innan FETAR sem og kynningu á FETAR landssamtökum.

Stærstu málin sem varða hagsmunaaðila innan vébanda FETAR hafa komið upp vegna aðgerða Umhverfisráðuneytisins á hálendinu. Ráðuneytið og undistofnanir hafa haldið áfram að þrengja að atvinnu- og ferðafrelsi á hálendi Íslands. Takmarkanir á akstri á Fjallabaki voru kynntar vorið 2020. Í samvinnu við F4x4 og LÍV tókst að draga þær takmarkanir niður í bann við akstri utan veglínu á snjó í 50 metra radius frá hverum.

Mun stærra mál er frumvarp umhverfisráðherra um miðhálandisþjóðgarð. Frá sjónarhóli stjórnar FETAR leit frumvarpið út sem valdataka á hálendinu og mikil ógn við starfsemi fyrirtækja innan FETAR. Stjórnin fékk í framhaldinu fundi með þingmönnum frá flestum stjórnáflökum til að koma áhyggjum og mótmælum á framfæri. Jafnframt því sem mikilvægi fyrirtækja innan FETAR var kynnt. Mikilvægi varðandi útflutningstekjur hefur verið kynnt sem andvirði um 14 milljarða króna í erlendum gjaldeyri.

Stjórn FETAR lagði fram ályktun vegna frumvarps um miðhálandisþjóðgarð.

Stjórn FETAR lagði einnig fram umsögn um frumvarp um miðhálandisþjóðgarð og lagðist alfarið gegn hugmyndum um þjóðgarð og frumvarpi um miðhálandisþjóðgarð.

Formaður FETAR Jón Páll Baldvinsson fór í viðtal í útvarpsþættinum Sprengisandi hjá Kristjáni Kristjánssyni á Bylgjunni þar sem frumvarp um miðhálandisþjóðgarð var rætt sérstaklega.

Á döfinni

- Stærsta málið á döfinni er ennþá miðhálandisþjóðgarður og er það mál ennþá í umhverfis- og samgöngunefnd en FETAR mun fá fund með nefndinni. Framundan er fundur með samgöngu- og umhverfisnefnd Alþingis þar sem FETAR mun leggja sín rök á borðið.
- Þjóðgarður á sunnanverðum Vestfjörðum. FETAR þarf að fylgjast grannt með þessu máli og leggja fram umsögn þegar þar að kemur.
- Áframhaldandi kynning á starfsemi félaga innan FETAR og hvað þau standa fyrir í ferðaþjónustu á Íslandi. Sérstaða þeirra félaga og aðkoma að ferðaþjónustu almennt, þróun, úrbætur og samvinna.
- Efla félagaskrá FETAR:
 - hafa samband við skráða FETAR féлага, uppfæra tengla upplýsingar og styrkja tengslin.
 - fjölga skráðum félögum í FETAR með því að:
 - hafa samband við forsvarsmenn fyrirtækja sem ættu að vera í FETAR starfsemi sinnar vegna og hvetja þá til þátttöku.
 - halda kynningarfundum á landsbyggðinni, sérstaklega fyrir austan þar sem íshella-fyrirtækin eru mörg og sterk í sinni þjónustu.
- Vegagerðin og Umhverfisstofnun eru áframhaldandi verkefni og er stefnt á nýja fundi með þeim aðilum til að ræða lokanir á vordögum o.fl.
- Samstarf við Landsbjörg er í skoðun m.t.t. aðgengis að tækjabúnaði og sérþekkingu aðila innan FETAR. Sem dæmi voru nokkrir stjórnarmeðlimir innan FETAR á ferð ásamt fleirum yfir Vatnajökul á vordögum 2020 þegar óskað var eftir aðstoð við Hvannadalshnjúk. FETAR liðar eru víða á ferðinni allt árið um kring á vel búnum farartækjum og hafa sérþekkingu á mörgum sviðum sem gæti nýst í slíku samstarfi. Slíkt samstarf myndi einnig auka hróður FETAR.
- Límmiðar FETAR: uppi hefur verið sú hugmynd að prenta sérstaka FETAR límmiða sem líma má í framrúður bifreiða FETAR liða til að auðkenna þá frekar útávið.

3. Reikningar lagðir fram til samþykktar

Gjaldkeri leggur fram reikninga síðast árs sem eru:

- Lénið www.fetar.is hjá Internet á Íslandi kr. 6.330,-
- VHF rás FETAR hjá fjarskiptastofnun kr. 15.750,-
- Styrkur til límmiðaverkefnis Ferðaklúbbsins Örlítill grenjandi minnihluti 4x4 kr. 100.000,-
- Grillveisla í plöntuferð FETAR í Hvalfirði vorið 2020 (Sveinn lagði út) kr. 15.067,-
- Gjöld í banka vegna debetkorts, innheimtu félagsgjalda o.fl. samtals kr. 11.271,-
- Innvextir kr. 1.183,-
- Fjármagnstekjuskattur kr. 260

4. Lagabreytingar

Engar lagabreytingar voru lagðar til.

5. Kosning stjórnar

Í fráfarandi stjórn sitja:

- Hinrik Bjarnason - Meðstjórnandi
- Jón Páll Baldvinsson - Formaður
- Kristján G. Kristjánsson - Gjaldkeri
- Páll Halldór Halldórsson - Meðstjórnandi
- Sveinn S. Kjartansson - Ritari

Í stjórn eru kosnir:

- Baldvin Jónsson - Meðstjórnandi (nýr inn)
- Hinrik Bjarnason - Meðstjórnandi
- Jón Páll Baldvinsson - Formaður
- Kristján G. Kristjánsson - Gjaldkeri
- Sveinn Sigurður Kjartansson - Ritari

6. Ákvörðun um félagsgjald

Samþykkt var að halda félagsgjaldi óbreyttu sem er kr. 20.000,- á ári, greitt með eingreiðslu.

7. Önnur mál

Engin sérstök önnur mál voru á döfnni að þessu sinni.

Undirskrift nýrrar stjórnar

Hinrik Bjarnason

Baldvin Jónsson

Jón Páll Baldvinsson - formaður

Sveinn Sigurður Kjartansson - ritari

Kristján G. Kristjánsson - gjaldkeri